

Velferðarnefnd

6.fundur

27.mars.2023

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir og Kristgeir Kristinsson.

Fundur settur klukkan 20:00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Forvarnarmál

Kristgeir ræddi við skólastjóra og fulltrúa fyrir félags- og skólaþjónustu varðandi forvarnarmál Snæfellsbæjar. Viðraðar hugmyndir um sameiginlegt teymi fyrir Snæfellsnes sem stýrir og fylgir eftir forvarnarmálum. Næstu skref að boða til fundar þá aðila sem koma að efninu.

Sumarnámskeið

Staðfest á fundi við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa að aukinn fjöldi námskeiða verði haldið næstkomandi sumar.

Heilsueflandi samfélag

Velferðarnefnd þykir það miður að hafa ekkert heyrt af áformum bæjarstjórnar um að gerast heilsueflandi samfélag. Eins hefði velferðarnefnd fagnað því að fá fræðsluefni til kynningar á efninu og hvað felst í heilsueflandi samfélagi.

Farið yfir helstu þætti heilsueflandi samfélags.

Reglur Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum

Engar athugasemdir hafa borist frá bæjarskrifstofu varðandi reglur á úthlutun leiguíbúða í Snæfellsbæ.

Akstursþjónusta

Engar fréttir af framgangi mála frá félags og skólaþjónustu um akstursþjónustu fatlaðra í Snæfellsbæ.

Félagsstarf eldri borgara

Fundi slitið klukkan 21:15